

64

31. des.

## L Ö G

## um breyting á lögum nr. 68 28. des. 1934, um útvarpsrekstur ríkisins.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

3. gr. laganna skal orða svo:

Kennslumálaráðherra skipar útvarpsstjóra. Skal honum falið að annast daglega stjórn og fjárreiður útvarpsins, eftir nánari fyrirmælum í reglugerð, er ráðherra setur.

Ráðherra er heimilt að gera fréttastofu útvarpsins að sérstakri deild, undir stjórn útvarpsráðs. Ennfremur er ráðherra heimilt að semja við blöð lýðræðisflokka um þátttöku í starfrækslu fréttastofunnar, eftir nánari fyrirmælum í reglugerð, er ráðherra setur.

Ráðherra ræður starfsmenn útvarpsins, að fengnum tillögum útvarpsstjóra og útvarpsráðs. Laun starfsfólks útvarpsins skulu, þar til launalög eru sett, ákveðin af kennslumálaráðherra.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1940.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 31. desember 1939.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

65

31. des.

## L Ö G

## um breyting á lögum nr. 92 19. júní 1933, um lögreglumenn.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

6. gr. laga nr. 92 19. júní 1933 hljóði svo:

Þegar sérstaklega stendur á eða ráðherra telur nauðsynlegt öryggi bæjar, að lögregluliði sé aukið meira en segir í 1. gr., getur hann bætt við varalögreglumönnum, og greiðir þá ríkissjóður allan þann kostnað, sem leiðir af aukningunni, en þó ekki hærri fjárhæð en nemur  $\frac{1}{3}$  kostnaðar af hinu reglulega lögregluliði.

## 2. gr.

65

31. des.

2. mgr. 7. gr. laganna hljóði svo:

Varalögreglumenn fá laun úr ríkissjóði eftir reglum, sem ráðherra setur. Lög-  
reglumenn ríkisins og varalögreglumenn eiga rétt á bótum fyrir meiðsli og tjón, sem  
þeir verða fyrir vegna starfs síns.

## 3. gr.

Á eftir 7. gr. laganna koma 4 nýjar greinar, sem verða 8.—11. gr., svo hljóðandi:

a. (8. gr.). Er ríkissjóður tekur þátt í kostnaði við lögreglulið bæjar samkvæmt  
2. eða 6. gr. laga þessara, er lögreglulið þess bæjar, fast lið og varalið, skylt til að  
gegna löggæzlustörfum hvar á landinu sem er, ef sérstaklega stendur á og  
dómsmálaráðherra mælir svo fyrir, og ákveður hann þá, hver skuli stjórna lið-  
inu, þegar það er sent úr einu lögsagnarumdæmi í annað.

Gæta skal þess þó jafnan, að hægt sé að halda uppi löggæzlu á staðnum,  
sem liðið er flutt frá.

b. (9. gr.). Ráðherra er heimilt að efna til námskeiðs í Reykjavík fyrir lögreglu-  
menn.

Hann ákveður og, hver skuli vera einkenni og útbúnaður lögreglumanna.

c. (10. gr.). Í sveitum landsins og kaптúnunum, þar sem lögreglulið er ekki starf-  
andi, getur ráðherra löggilt sérstaka menn til þess, undir stjórn lögreglustjóra  
eða hreppstjóra, að halda uppi reglu á mannfundum og samkomum innan hér-  
aða. Heimilt er að efna til námskeiðs fyrir þessa menn.

d. (11. gr.). Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd  
þessara laga. Hann setur og reglur um réttindi og skyldur lögreglumanna.

## 4. gr.

8. gr. laganna, sem verður 12. gr., hljóði svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að greiða úr ríkissjóði allan kostnað, sem leiðir af  
framkvæmd laga þessara.

## 5. gr.

Ríkisstjórnin skal fella meginmál laga þessara inn í lög nr. 92 frá 19. júní 1933  
og gefa þau svo út sem lög um lögreglumenn.

## 6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1940.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 31. desember 1939.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**  
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*